



Reykjavík 27. ágúst 2024

USK24050374

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga Flokks fólksins um að gerð verði úttekt á þeirri ákvörðun að byrja á 3ja áfanga Arnarnesvegur áður en Breiðholtsbrautin milli Jafnasels og Rauðavant var tvöfölduð. Með því að byrja fyrst á svo stórum framkvæmdum sem Arnarnesvegurinn er áður en Breiðholtsbrautin var tvöfölduð voru gerð alvarleg mistök sem einhver þarf að bera ábyrgð á.

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Á þessum kafla ríki nú ófremdarástand. Umferðarteppur og tafir vegna þeirra eru þær mestu sem sést hefur á stað þar sem umferðarpungi er gríðarlegur og yfir svo langan tíma sem raun ber vitni. Vandinn er slíkur að oft er ekki hægt að komast út úr hringtorginu frá Suðurlandsvegi til að beygja inn til hægri inn á Breiðholtsbrautina. Þrengingar eru miklar vegna framkvæmda við Arnarnesveg. Þetta ástand skapar mikla slyshættu svo ekki sé minnst á umferðarkraðak á háannatímanum. Ákall borgarbúa um breikkun hefur verið hunsað. Þetta bitnar á öllum þeim sem aka þessa leið, margir á leið út úr bænum og aðrir á leið inn í borgina. Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram tillögu 2021 um „að skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar þrýsti á Vegagerðina með að fá viðræður um breikkun Breiðholtsbrautar frá Jafnaseli að Rauðavatni“. Tillagan var felld af meirihlutanum.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 5. júní 2024.

### Umsögn:

Tvöföldun Breiðholtsbrautar er framkvæmd á vegum Vegagerðarinnar enda er hún veghaldari á Breiðholtsbraut. Forgangsröðun þessara verkefna er ákvörðuð annars vegar af ríkinu í gegnum samgönguáætlun og hins vegar í gegnum samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.



Reykjavík



Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*



**Reykjavík**